

Föstudaginn 26. febrúar 1954.

Nr. 95/1953. **Jón Hjaltason** (Sigurður Ólason)
 gegn
Póstafgreiðslu Vestmannaeyja
 (Sveinbjörn Jónsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Deilt um eignarrétt að frímerki á póstávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1953, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum fjárhæð póstávísunar nr. 7485, kr. 119,20, ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 24. júní 1952 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur skýlausa heimild samkvæmt 9. mgr. 17. gr. laga nr. 31/1940 til að binda greiðslu ávísunar þeirrar, sem í málinu greinir, því skilyrði, að ávísunin sé afhent með álímdu frímerki. Nefnt lagaboð verður ekki talið brjóta í bága við 67. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, enda er sá skilningur ákvæðisins eðlilegastur, að það veiti heimild til aukins gjalds fyrir póstpjónustu þá, er þar greinir. Þetta viðbótargjald virðist áfrýjandi geta innt af hendi með greiðslu á nafnverði frímerkjanna, kr. 2,00.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Hjaltason, greiði stefnda, Póstafgreiðslu Vestmannaeyja, kr. 1.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 21. apríl 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið 15. þ. m., er höfðað af Jóni Hjaltasyni lögfræðingi f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja með stefnu, út gefinni 24. júní 1952, birtri sama dag, á hendur Bjarna Linnet póstaðgreiðslumanni vegna póstaðgreiðslunnar í Vestmannaeyjum vegna póstmálastjórnar til greiðslu póstaðvísunar nr. 7485, að fjárhæð kr. 119,20, auk vaxta og málskostnaðar. Undir rekstri málsins lýsti málflutningsmaður stefnanda, Jón Hjaltason, yfir því, að hann hefði greitt umbjóðanda sínum, bæjarsjóði Vestmannaeyja, andvirði póstaðvísunarinnar, sem málið snýst um, og ræki hann því málið áfram sjálfur á eigin ábyrgð.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur *aðallega*, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum andvirði póstaðvísunarinnar, kr. 119,20, ásamt 6% ársvöxtum frá 24. júní 1952 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt fram lögðum reikningi, að fjárhæð kr. 268,50, en *til vara*, að stefndur verði dæmdur til að greiða kröfur þessar að frádregnu andvirði hins notaða frímerkis, sem var á póstaðvísuninni og stefnandi telur, að sé 10 aura virði.

Stefndur mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér yrði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að í júní sl. tók stefnandi úr pósthólfi bæjarins póstaðvísun til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, að fjárhæð kr. 119,20. Að morgni hins 22. júní sl. framvísaði stefnandi ávísuninni á pósthúsinu, en hafði áður rífið af henni hægra hornið með álímdu frímerki, sem var að upphæð kr. 2,00. Póstaðgreiðslumaðurinn neitaði að greiða ávísunina nema því aðeins, að hægra horni ávísunarinnar ásamt álímdu frímerki yrði skilað eða burðargjaldið, kr. 2,00, yrði dregið frá upphæð ávísunarinnar. Stefnandi vildi ekki hlíta þessu og fór burtu og hafði ávísunina með sér. Höfðaði hann síðan mál þetta og gerði þær kröfur, sem fyrr greinir. Í málinu hefur hann lagt fram umrædda ávísun og einnig hægra horn hennar með álímdu frímerki.

Stefndur hefur í máli þessu boðið fram greiðslu á póstaðvísuninni með sömu skilyrðum og áður, þ. e. a. s. gegn afhendingu póstaðvísun-

arinnar og ásamt frímerkinu, en verði frímerkinu ekki skilað, þá gegn því, að burðargjaldið, kr. 2,00, yrði dregið frá ávísunarupphæðinni. Stefnandi hefur hafnað þessu tilboði og talið sig eiganda frímerkisins og haldið því fram, að stefndum væri algerlega óheimilt að setja þessi skilyrði fyrir greiðslu póstávísunarinnar. Vexti og málskostnað hefur stefndur neitað algerlega að greiða og talið sér það óskýlt með öllu.

Í póstlögum, nr. 31 frá 12. febrúar 1940, 9. mgr. 17. gr., segir svo:

„Eyðublöð, sem keypt eru, verða ásamt frímerkjunum fyrir burðargjaldi sendingarinnar eign póststjórnarinnar, um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð.“

Stefnandi telur ákvæði þetta markleysu, þar eð það fari í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Telur hann, að viðtakandi póstsendinga verði eigandi að álímdum frímerkjum og engir almenningshagsmunir eða ástæður almenns eðlis séu fyrir hendi, sem réttlæti það, að viðtakandi sé sviptur eignarrétti sínum. Þessu er ákveðið andmælt af stefndum, og telur hann, að reglan, sem komi fram í tilvitnaðri lagagrein, sé réttmæt og eðlileg, þar eð póststjórnin þurfi að fá eyðublöðin og með álímdum frímerkjum vegna endurskoðunar póstreikninga. Gegn þessu bendir stefnandi á, að sá háttur sé hafður á hjá póstaðgreiðslum landsins, að frímerkin séu tekin af póstávísunum, jafnskjótt og þær hafa verið innleystar og komnar að nýju í vörzlur póstsins. Að því er frímerkin snertir, sé ákvæðið ekki heldur sett vegna væntanlegrar endurskoðunar, heldur eingöngu í því skyni að afla póststjórninni tekna, sem að nokkru leyti renna síðan til póstmannasjóðs samkv. reglug. nr. 49/1923.

Í póstlögum ákveður löggjafinn, hvernig greiðslum til póstsjóðs skuli hagað fyrir þá þjónustu, sem pósturinn lætur í té. Burðargjaldið fyrir bréf og aðrar póstsendingar skal í flestum tilfellum greitt með gildandi frímerkjum, sem póststjórnin annast um sölu á. Greiða skal fyrir fram. Löggjafanum er að sjálfsögðu heimilt að ákveða, að frímerkin, sem notuð eru til greiðslu burðargjalds, skuli um leið verða eign póstsjóðs, alveg á sama hátt og annar gjaldmiðill verður eign póstsjóðs, sem innstur er af hendi fyrir ákveðna póstþjónustu. Stjórnarskrárgjafinn bannar þetta ekki, en hins vegar hefur löggjafinn ekki farið inn á þessa leið, og liggja til þess allt aðrar ástæður en tillitið til 67. greinar stjórnarskrárinnar. Í 9. mgr. 17. gr. póstlaganna áskilur löggjafinn raunar póststjórninni eignarrétt að frímerkjum, sem límd eru á eyðublöð, sem póststjórnin þarf á að halda sem fylgiskjöllum með bókhaldi sínu. Er þetta fyllilega heimilt samkvæmt því, sem fyrr segir, og á einskis einstaks manns rétt gengið, þótt viðtakandi eyðublaðanna sé þar með sviptur tæki-

færi til að hagnýta sér frímerkin endurgjaldslaust. Samkvæmt þessu verður aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eins og fyrr getur, hefur stefnandi lagt fram í máli þessu bæði ávísunina og tilheyrandi frímerki. Var honum því unnt að uppfylla lögleg skilyrði til þess að fá ávísunina greidda. Hann átti ekki heimtingu á að fá frímerkið til eignar, hvorki gegn öðru frímerki né ákveðnu endurgjaldi, nema samþykki póststjórnarinnar kæmi til. Hún hefur hins vegar gefið stefnanda kost á að fá frímerkið gegn greiðslu á nafnverði þess, kr. 2,00. Verð þetta er mun herra en gangverð á sams konar frímerkjum notuðum, en virðist þó geta staðizt, þar eð hér koma ekki eingöngu fjárhagslegir hagsmunir til greina, heldur hefur stefndur einnig annarra hagsmuna að gæta. Samkvæmt þessu verður varakrafa stefnanda ekki heldur tekin til greina.

Telja verður, að stefndum sé heimilt að binda greiðslu ávísunarinnar því skilyrði, að ávísunin sé afhent með álímdu frímerki. Og þar eð stefndur hefur samþykkt, að stefnandi fengi frímerkið gegn greiðslu á kr. 2,00, á stefnandi einnig kost á greiðslu ávísunarinnar með því skilyrði. Tæplega verður gert ráð fyrir, að stefnandi ætlist til sýknu, ef aðalkrafa hans og varakrafa eru ekki teknar til greina, og verður stefndur því dæmdur til greiðslu ávísunarinnar, ef ofangreindum skilyrðum verður fullnægt. Vextir af ávísunarfjárhæðinni verða ekki tildæmdir, þar sem greiðsla var strax boðin fram.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndum kr. 250,00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Bjarni Linnet vegna póstafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum vegna póstmálastjórnar, greiði stefnanda, Jóni Hjaltasyni, kr. 119,20 gegn afhendingu póstávísunar nr. 7485 með tilheyrandi frímerki eða í stað frímerkisins gegn greiðslu á kr. 2,00.

Stefnandi, Jón Hjaltason, greiði stefndum, Bjarna Linnet vegna póstafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum vegna póstmálastjórnar, kr. 250,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.